

# FUNDARGERÐ

**Fundur: Raforkuhópur 2000-06**

**Fundartími: Þriðjudagur 26. september 2000 kl. 13:30**

**Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9**

**Fundarefni:**

1. Gögn um afl.
  2. Endurreikningur raforkuspár, niðurstöður.
  3. Raforkunotkun í landbúnaði.
  4. Húshitunarspá.
  5. Verkefni ársins 2001.
  6. Önnur mál.
- 

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ólafur Pálsson  
Rán Jónsdóttir  
Guðmundur Guðmundsson

Orkuveita Reykjavíkur:

Jón Óskarsson

Jón Vilhjálmsson

1. JV sagði að Guðmundur Ingi hjá Landsvirkjun hefði ekki talið ástæðu til að koma á þennan fund til að ræða við okkur um þær athugasemdir sem við höfum um gögn þeirra um afl. Guðmundur taldi að þetta hefði verið tímabundið ástand vegna starfsmannabreytinga. JV sagðist hafa fengið leiðréttingar í síðustu viku á sölutölum Landsvirkjunar sem hann hafði gert athugasemdir við. Hann sagðist ekki hafa fengið aðrar lagfæringar en taldi að fleiri villur væru í gögnunum en taldi að erfitt væri fyrir hann að finna frekari villur og taldi því best að segja að gögnin væru frágengin.
2. JV dreifði drögum að skýrslu um endurreikning á raforkuspánni og rakti helstu breytingar. Hann benti sérstaklega á að mannfjöldaspá hefur verið breytt á Vestfjörðum og Norðurlandi. Þjónusta er að auka hlut sinn og heimiliskokun jókst meira á síðast ári en undanfarin ár. Dreifitöp minnkuð í öllum landshlutum á síðasta ári og benti hann sérstaklega á Austurland þar sem töpin sveiflast mikið á milli ára. RJ ætlar að fara yfir tölur um notkun stóriðju. GG sagði að lítið væri um nýja samninga um ótryggða orku en þó væri einn á Eskifirði um 2 GWh/ári. JV bað fundarmenn að senda sér athugasemdir við skýrsluna á næstu dögum.
3. JV dreifði töflum sem sýna raforkunotkun í hefðbundnum landbúnaði og úrvinnslu úr þeim gögnum fyrir raforkuspá sbr. síðasta fund hópsins. Hann sagði að nauðsynlegt væri að fá tölur um hitunina enda mun vera hægt að greina hana frá annarri notkun á meðan hún er niðurgreidd. Einnig væri gott að geta greint á milli sauðfjárbúa og nautgripabúa. GG lagði til að hefðbundin landbúnaður, notkunarflokkar 101-108, yrði settur í tvo flokka þar sem annar væru bú án rafhitunar (108) og hins vegar með rafhitun (101). Ef menn vildu fá upplýsingar eftir greinum væri hugsanlegt að tengja þessar upplýsingar við skrár Bændasamtakanna. Fundarmenn ætla að huga að þessum breytingum og ef þær verða gerðar mundi henta að breytingar tækju gildi eftir næstu áramót þannig að uppgjör þessa árs færi eftir núverandi flokkum.
4. JV dreifði einu blaði um niðurstöður húshitunarspár og samanburð við síðustu spá frá 1996. Rafhitun er heldur minni en þá var spáð og árið 2025 verður þessi munur kominn í 68 GWh. Einnig sagði hann að tölur um jarðvarma hefðu lækkað þar sem tölur síðustu ára hefðu í mörgum tilvikum farið lakkandi. Hafa ber í huga að veruleg óvissa er í tölum frá hitaveitum. JV sagðist hafa rætt við Þorgils á Orkustofnun um gögn varðandi notkun jarðvarma til húshitunar og ætlar hann að skoða þau gögn betur og fáum við

síðan afrit af þeim. Einnig benti JV á nýlega skýrslu Orkuráðs.

5. Engar tillögur komu að nýjum verkefnum á næsta ári umfram það sem rætt var um á síðasta fundi.
6. Rætt var um það að ekki væri þörf á að gefa út endurreikninginn heldur væri nægjanlegt að hafa hann á heimasíðu nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Ákveðið var að fella niður næsta fund og mun hópurinn því hittast næst 7. nóvember.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

"Raforkuspá 2000-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". Drög (JV)

"Raforkunotkun í landbúnaði og á heimilum 1999". (JV)

"Húshitunarspá". Eitt blað með samanburði við spá frá 1996. (JV)